



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 16. desember, 2016

Ákvörðun nr. 36/2016

Beiðni Auðkennis ehf. um framlengingu undanþágu um rekstur öryggisbúnaðar í bankapjónustu

I.

Málavextir og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitinu barst erindi Auðkennis ehf. (hér eftir Auðkenni), hinn 29. nóvember 2016, þar sem óskað var eftir því að undanþága sem Samkeppniseftirlitið veitti á grundvelli ákvæðis 15. gr. samkeppnislaga með ákvörðunum nr. 50/2006, 1/2009, 40/2011 og 31/2013 vegna samstarfs banka og sparisjóða vegna kaupa, uppsetningar og rekstrar á svokölluðum Todos öryggisbúnaði í netbankapjónustu yrði framlengd til ársloka 2017.

Umrædd undanþága var upphaflega veitt árið 2006 og hefur hún svo verið framlengd mislengi í senn með hliðsjón af stöðu mála hverju sinni. Í erindi Auðkennis, sem barst þann 29. nóvember 2016, kemur fram að innleiðing rafrænna skilríkja hafi gengið hægar en ætlað var upphaflega og að nú sé staðan sú að hluti banka og sparisjóða bjóði upp á notkun Todos auðkennislykla fram á árið 2017 þó meginreglan sé sú að notuð skuli rafræn skilríki við innskráningu á netbankapjónustu.

Í erindinu segir að ekki sé þörf á því að framlengja undanþáguna lengur en til ársloka 2017 þar sem gera verði ráð fyrir því að einhvern tíma til viðbótar muni taka að færa innskráningu í netbankapjónustu að öllu leyti yfir á aðrar lausnir. Rafræn skilríki muni hins vegar verða innskráningarleið í lok þess tímabils. Í erindinu er byggt á því að sömu forsendur séu til staðar og í eldri ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins þar sem undanþágan hefur verið framlengd.

II.

Niðurstaða

Með bréfi frá því í mars árið 2006 gerði Auðkenni Samkeppniseftirlitinu grein fyrir fyrirhuguðu samstarfi banka og sparisjóða vegna kaupa, uppsetningar og rekstrar á svonefndum Todos öryggisbúnaði.

Í ákvörðun nr. 50/2006 komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að umrætt samstarf banka og sparisjóða færi í bága við ákvæði 10. gr. samkeppnislaga. Með heimild í 15. gr. laganna var samstarfinu veitt undanþága frá ákvæði 10. gr. þar sem umræddur öryggisbúnaður var m.a. talinn til þess fallinn að bæta þjónustu banka og sparisjóða og efla efnahagslegar framfarir. Ekki verður séð að aðstæður hafi breyst með þeim hætti að það haggi fyrri niðurstöðu. Kveðið var á um að undanþágan gilti til 31. desember 2008. Hefur undanþágan í þrígang verið framlengd, með ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins nr.



1/2009, 40/2011 og 31/2013, þar sem hún var framlengd til 31. desember 2016. Í ákvörðun nr. 31/2013 tók Samkeppniseftirlitið fram að innan þess tíma yrði Samkeppniseftirlitinu send greinargerð um framgang verkefnisins og hvort talin yrði þörf á að framlengja undanþáguna enn frekar.

Í erindi Auðkennis segir að undanfarin ár hafi náðst góður árangur til eflingar öryggis í rafrænum viðskiptum á grundvelli þess samstarfs sem átt hefur sér stað og undanþága hefur verið fyrir. Að mati Auðkennis sé ljóst að þróunin sé sú að rafræn skilríki taki við af auðkennislyklinum sem auðkenningarleið í netbankaviðskiptum og hefur Landsbankinn nú þegar hætt notkun þeirra en aðrir bankar og sparisjóðir muni hætta notkun þess kerfis um áramótin 2016/2017. Hins vegar þurfi að gera ráð fyrir einhverjum aðlögunartíma þar til innskráning fer að öllu leyti fram gegnum rafræn skilríki, mestmegnis gegnum farsíma, og því sé nauðsynlegt að umrætt samstarf njóti undanþágu enn um sinn eða út árið 2017.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða og að teknu tilliti til aðstæðna fellst Samkeppniseftirlitið á að framlengja undanþáguna til 31. desember 2017. Því er beint til aðila þessa máls að gætt sé sérstaklega vel að því að umrætt samstarf taki aðeins til nauðsynlegra þátta sem tengjast rekstri á umræddum öryggisbúnaði í því skyni að vinna gegn því að misfarið verði með aðgangsupplýsingar notenda netbankaþjónustu.

Ákvörðunarorð:

„Með heimild í ákvæði 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og með vísan til ákvarðana nr. 50/2006, 1/2009, 40/2011 og 31/2013, framlengir Samkeppniseftirlitið undanþágu samkvæmt ákvæði 10. gr. samkeppnislaga vegna samstarfs banka og sparisjóða um rekstur á Todos öryggisbúnaði vegna netbankaviðskipta, til 31. desember 2017.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson